

# 0

## INNGANGUR

### 0.0 Tilgangur og umfang

RDA inniheldur leiðbeiningar og fyrirmæli um hvernig á að skrá gögn á þann hátt að það auðveldi leit að viðföngum (resource).

RDA gögnum sem lýsa viðfangi er ætlað að aðstoða notendur við að:<sup>1</sup>

*finna* - að finna viðföng sem samræmast leitarskilyrðum notandans

*bera kennsl á* - að ganga úr skugga um að viðkomandi viðfang samræmist því sem leitað var að, eða greina á milli tveggja eða fleiri viðfanga með svipuð einkenni

*velja* - að velja viðfang sem hentar þörfum notandans

*nálgast* - að komast yfir eða fá aðgang að viðkomandi viðfangi.

RDA gögnum sem lýsa tilteknu fyrirbæri (entity) sem tengist viðfangi (þ.e. persónu, fjölskyldu, skipulagsheild, hugtaki o.s.frv.) er ætlað að aðstoða notendur við að:<sup>2</sup>

*finna* - að finna upplýsingar um viðkomandi fyrirbæri og viðföng sem því tengjast

*bera kennsl á* - að ganga úr skugga um að viðkomandi fyrirbæri samræmist því sem leitað var að, eða greina á milli tveggja eða fleiri fyrirbæra með svipuð heiti o.s.frv.

*skýra* - að skýra vensl tveggja eða fleiri slíkra fyrirbæra eða skýra venslin á milli fyrirbærisins sem lýst er og heitisins sem notað er yfir fyrirbærið

*skilja* - að skilja af hverju tiltekið heiti eða titill er valið á fyrirbærið.

RDA gefur ítarlegar leiðbeiningar og fyrirmæli sem taka til hvers kyns innihalds og miðlunar.

### 0.1 Helstu eiginleikar

RDA gefur sveigjanlegan ramma utan um lýsingar á viðföngum sem eru búin til og miðlað með stafrænni tækni, en jafnframt er komið til móts við þarfir aðila sem skrá viðföng sem ekki eru á stafrænu formi.

Ný gagnagrunnstækni (database technologies) hefur aukið skilvirkni og sveigjanleika við söfnun, geymslu, endurheimt og birtingu gagna og RDA er hannað til þess að nýta þá tækni. RDA er jafnframt samrýmanlegt eldri tækni sem er enn víða notuð við leit að viðföngum.<sup>3</sup>

Í RDA er gerður skýr greinarmunur á leiðbeiningum og fyrirmælum um annars vegar skráningu gagna og hins vegar framsetningu gagna. Þessari aðgreiningu er ætlað að hámarka sveigjanleika við geymslu og birtingu þeirra gagna sem búin eru til samkvæmt RDA. Leiðbeiningar og fyrirmæli um skráningu gagna má finna í köflum 1 til 37. Um framsetningu gagna er fjallað í viðaukum D og E.

## 0.2 Hugtakalíkon til grundvallar RDA

### 0.2.1 Almennt

Lykilatriði í hönnun RDA er hvernig skráningarreglurnar falla að hugtakalíkonunum fyrir bókfræðileg gögn og nafnmyndagögn sem Alþjóðasamband bókasafna (IFLA) hefur þróað:

Functional Requirements for Bibliographic Records (FRBR)<sup>4</sup>

Functional Requirements for Authority Data (FRAD)<sup>5</sup>

Functional Requirements for Subject Authority Data (FRSAD).<sup>6</sup>

FRBR, FRAD og FRSAD hugtakalíkonin veita RDA svigrúm til að styðja við:

- a) víðtækt umfang sem spannar hvers kyns miðlun og form innihalds
- b) sveigjanleika og þróunarmöguleika sem þarf til að aðlagast breytingum á eðli viðfanga
- c) nægilega aðlögunarhæfni svo að hægt sé að vinna með gögnin í margvíslegu tæknihverfi
- d) umfang sem spannar hvers kyns umfjöllunarefni.

### 0.2.2 Samhæfing við FRBR

RDA gögn lýsa í stórum dráttum eiginleikum og venslum fyrirbæranna sem skilgreind eru í FRBR, þ.e. hugverki (work), útfærslu þess (expression), birtingarformi (manifestation) og eintaki (item).<sup>7</sup> Þessi fyrirbæri eru skilgreind í RDA á eftirfarandi hátt:

*Hugverk (work)* - verkið sjálft (þ.e. innihald hugverksins)

*Útfærsla (expression)* - framsetning hugverksins, t.d. sem ritað mál, nótna- eða dansskrift, hljóð, mynd o.s.frv. eða einhverjar samsetningar af slíku

*Birtingarform (manifestation)* - áþreifanlegt form á útfærslu hugverks

*Eintak (item)* - hver eining eða tilvik birtingarformsins.

Væntanlegar útgáfur munu ef til vill útvíkka umfang RDA til að ná yfir fleiri eiginleika og vensl sem tengjast þessum fjórum fyrirbærum og styðja við viðfangaleit, en eru ekki skilgreind í FRBR.

**Eiginleikar og vensl sem ekki er fjallað um.** Eiginleikar og vensl sem tengjast þessum fjórum fyrirbærum og einkum nýtast við umsýslu viðfanga (t.d. öflun og geymslu) eru utan umfangs sem stendur.

### 0.2.3 Samhæfing við FRAD

RDA gögn, sem lýsa fyrirbærum sem tengjast viðfangi, endurspegla yfirleitt eiginleika og vensl eftirtalinna fyrirbæra: persóna, fjölskylda, skipulagsheild og staður, í samræmi við skilgreiningu FRAD.<sup>8</sup> Þessi fyrirbæri eru skilgreind í RDA á eftirfarandi hátt:

*Persóna* - einstaklingur eða auðkenni sem einstaklingur hefur komið sér upp (einn eða í samstarfi við fleiri einstaklinga)

*Fjölskylda* - tveir eða fleiri einstaklingar sem tengjast með blóðböndum, hjónabandi, ættleiðingu, staðfestri samvist eða álíka lagalegri stöðu, eða sem telja sig vera fjölskyldu með einhverjum öðrum hætti

*Skipulagsheild* – stofnun, fyrirtæki, samtök eða hópur einstaklinga sem gengur undir einu nafni og litið er á sem eina heild

*Staður* - staðsetning sem á sér ákveðið heiti

RDA tekur einnig til fleiri eiginleika hugverka sem eru skilgreindir í FRAD en fyrirfinnast ekki í FRBR.

Fjallað er um valda eiginleika sem tengjast fyrirbærunum heiti, auðkenni og samræmt leitaratriði samkvæmt reglum sem eru skilgreindar í FRAD.

Væntanlegar útgáfur munu ef til vill útvíkka umfang RDA til að ná yfir fleiri eiginleika og vensl (varðandi persónu, fjölskyldu, skipulagsheild, stað, hugverk, útfærslu (expression), heiti, auðkenni, samræmt leitaratriði o.s.frv.) sem styðja við viðfangaleit en eru ekki skilgreind í FRAD sem stendur.

**Eiginleikar og vensl sem ekki er fjallað um.** Eftirfarandi eiginleikar og vensl eru utan umfangs sem stendur:

eiginleikar og vensl sem tengjast fyrirbærunum hugtak (concept), hlutur (object) og viðburður (event) samkvæmt skilgreiningu FRAD.

vensl milli samræmdra leitaratriða, skv. skilgreiningu FRAD

eiginleikar og vensl (varðandi persónu, fjölskyldu, skipulagsheild, hugverk og útfærslu þess) sem einkum nýtast við verndun hugverkaréttar (rights management).

### 0.2.4 Samhæfing við FRASAD

RDA atriðin sem tengjast umfjöllunarefni (subject relationship) endurspegla yfirleitt vensl við hugverk eins og þau eru sett fram í FRASAD.<sup>9</sup>

## 0.3 Tengsl við aðra staðla um lýsingu viðfangs og aðgang

### 0.3.1 Almennt

RDA er byggt á AACR (*Anglo-American Cataloguing Rules*) og þeim skráningarhefðum sem þær reglur grundvölluðust á.<sup>10, 11, 12, 13</sup>

Fyrirmæli sem fengin voru úr AACR hafa verið endurunnin til að búa til staðal sem er auðveldari í notkun, sveigjanlegri og hagkvæmari. Meginþáttur í hönnun RDA var þörf fyrir að samhæfa RDA gögn við AACR og álíka staðla.

Meðal annarra lykilstaðla sem notaðir voru við þróun RDA eru *ISBD (International Standard Bibliographic Description)*,<sup>14</sup> *MARC 21 fyrir bókræðigögn*<sup>15</sup> og *MARC 21 fyrir nafnmyndagögn*.<sup>16</sup>

Lýsigagnastaðlar sem notaðir eru annars staðar (í skjalasöfnum, lista- og minjasöfnum, hjá útgefendum, á merkingarvefnum o.s.frv.) voru hafðir til hliðsjónar við hönnun RDA. Markmiðið var að ná samvirkni á milli þessara staðla og RDA.

### 0.3.2 Samræmi við RDA/ONIX ramman

RDA samræmist RDA/ONIX rammanum um skipan viðfanga.<sup>17</sup>

Kóðunarkerfi RDA fyrir ytri gerð og miðlun birtingarforms (manifestation) og form innihalds útfærslunnar (expression) eru í samræmi við þá grunngerð og efnisflokka sem skilgreindir eru í rammanum.

### 0.3.3 Samhæfing við ISBD

RDA atriðin eru samrýmanleg við ISBD. Nánari upplýsingar um yfirfærslu RDA atriða yfir í ISBD má finna í viðauka D (**D.1.1**).

### 0.3.4 Samhæfing við MARC 21

RDA atriðin eru samrýmanleg við MARC 21. Nánari upplýsingar um yfirfærslu RDA atriða yfir í MARC 21 má finna í viðauka D (**D.2**) og viðauka E (**E.2**).

### 0.3.5 Samhæfing við Dublin Core

RDA atriðin eru samrýmanleg við Dublin Core.<sup>18</sup>

## 0.4 Markmið og meginreglur um lýsingu viðfangs og aðgang

### 0.4.1 Almennt

Leiðbeiningar og fyrirmæli RDA voru hönnuð í samræmi við markmiðin og meginreglurnar í **0.4.2–0.4.3**.

*Yfirlýsing IFLA um alþjóðlegar skráningarreglur*<sup>19</sup> liggur til grundvallar þeim skráningarreglum sem gilda almennt í RDA.

Þó að yfirlýsingin veiti almenna leiðsögn um þróun RDA þarf stundum að taka eina meginreglu fram yfir aðra.

### 0.4.2 Markmið

#### 0.4.2.1 Viðbrögð við þörfum notenda

Gögnin eiga að gera notanda kleift að:

*finna* viðföng sem samræmast leitarskilyrðum notandans

*finna* öll viðföng sem vísa til tiltekins hugverks eða tiltekinnar útfærslu (expression) hugverksins

*finna* öll viðföng sem tengjast tiltekinni persónu, fjölskyldu eða skipulagsheild

*finna* öll viðföng um tiltekið umfjöllunarefni

*finna* hugverk, útfærslur (expression), birtingarform (manifestation) og eintök sem tengjast því sem skilaði sér í leitarheimtum notandans

*finna* persónur, fjölskyldur og skipulagsheildir sem samræmast leitarskilyrðum notandans

*finna* persónur, fjölskyldur eða skipulagsheildir sem tengjast persónunni, fjölskyldunni eða skipulagsheildinni í leitarniðurstöðum notanda

*bera kennsl* á viðfangið sem lýst er (þ.e. ganga úr skugga um að viðkomandi viðfang samræmist því sem leitað var að eða greina á milli tveggja eða fleiri viðfanga með sömu eða svipuð einkenni)

*bera kennsl* á persónuna, fjölskylduna eða skipulagsheildina í gögnunum (þ.e. ganga úr skugga um að viðkomandi fyrirbæri samræmist því sem leitað var að eða greina á milli tveggja eða fleiri fyrirbæra með sömu eða svipuð nöfn o.s.frv.)

*velja* viðfang sem samræmist kröfum notandans hvað varðar ytri gerð, umfang og snið

*velja* viðfang sem samræmist kröfum notandans hvað varðar einkenni innihalds hugverksins eða útfærslunnar (expression) (t.d. um form, markhóp eða tungumál)

*nálgast* viðfang (þ.e. afla viðfangs með kaupum, láni o.s.frv. eða sækja viðfang með rafrænum hætti)

*skilja* venslin á milli tveggja eða fleiri fyrirbæra (entities)

*skilja* venslin á milli fyrirbærisins sem lýst er og heitisins sem notað er yfir fyrirbærið (t.d. heitið á öðru tungumáli)

*skilja* af hverju tiltekið heiti eða titill var valið á fyrirbærið.

#### **0.4.2.2 Hagkvæmni**

Gögnin skulu standast kröfur um notagildi og hagkvæmni hvað varðar stuðning við notendaaðgerðir.

#### **0.4.2.3 Sveigjanleiki**

Gögnin skulu vera óháð lýsigagnasniðinu, miðlinum eða kerfinu sem notað er til að geyma gögnin eða miðla þeim. Það á að vera hægt að nota þau í margvíslegu umhverfi.

#### **0.4.2.4 Samfella**

Það á að vera hægt að samþætta gögnin við fyrirliggjandi gagnagrunna (einkum þá sem voru þróaðir með hliðsjón af AACR og álíka stöðlum).

### **0.4.3 Meginreglur**

#### **0.4.3.1 Aðgreining**

Gögn sem lýsa viðfangi skulu aðgreina viðfangið frá öðrum viðföngum.

Gögn sem lýsa fyrirbæri sem tengist viðfangi skulu aðgreina viðfangið frá öðrum viðföngum og frá öðrum auðkennum sama viðfangs.

#### **0.4.3.2 Nægjanleiki**

Gögn sem lýsa viðfangi skulu uppfylla þau skilyrði sem þarf til þess að notandi geti valið viðeigandi viðfang.

#### **0.4.3.3 Vensl**

Gögn sem lýsa viðfangi skulu gefa til kynna ef veruleg vensl eru á milli viðfangsins sem lýst er og annarra viðfanga.

Gögn sem lýsa fyrirbæri sem tengist viðfangi skulu sýna allar markverðar bókfræðitengingar á milli fyrirbærisins og annarra slíkra fyrirbæra.

#### **0.4.3.4 Framsetning**

Gögn sem lýsa viðfangi skulu vera í samræmi við framsetninguna á viðfanginu. Heiti, sem valið er sem aðalheiti persónu, fjölskyldu eða skipulagsheildar, skal vera:

- a) það heiti sem er algengast í viðföngum sem tengjast viðkomandi persónu, fjölskyldu eða skipulagsheild

### **eða**

- b) viðurkennt heiti á því tungumáli og með því letri sem aðilinn sem stofnar gögnin notar.

Önnur heiti skulu skráð sem afbrigði:

heiti sem finnast í viðföngum sem tengjast persónunni, fjölskyldunni eða skipulagsheildinni

heiti sem koma fyrir í heimildum

heiti sem ætla má að notandi kunni að nota við leit.

Titill sem valinn er sem aðaltitill á hugverki skal vera:

- a) titillinn sem finnst oftast í viðföngum um hugverkið á frummáli þess

### **eða**

- b) titillinn eins og hann kemur fyrir í heimildum

### **eða**

- c) titillinn sem finnst oftast í viðföngum um hugverkið.

Aðrir titlar skulu skráðir sem titilafbrigði:

titlar sem finnast í viðföngum um hugverkið

titlar sem koma fyrir í heimildum

titlar sem ætla má að notandi kunni að nota við leit.

#### **0.4.3.5 Nákvæmni**

Gögn sem lýsa viðfangi eiga að gefa viðbótarupplýsingar til að leiðrétta eða skýra óljósa, óskiljanlega eða misvísandi framsetningu upplýsinga í viðfanginu sjálfu.

#### **0.4.3.6 Eignun**

Gögn sem lýsa sambandi viðfangs og persónu, fjölskyldu eða skipulagsheildar, sem tengist viðkomandi viðfangi, eiga að tilgreina ábyrgðaraðild, hvort sem eignunin er réttmæt eða ekki. Ábyrgðaraðild má ýmist finna í viðfanginu sjálfu eða heimildum.

#### **0.4.3.7 Algeng notkun eða venja**

Gögn sem þarf að umrita úr öðru letri skulu vera í samræmi við algenga notkun tungumálsins og letursins sem notað er til að skrá gögnin. Sá sem skráir kann að kjósa fleiri en eitt tungumál og letur.

Þegar heiti persónu eða fjölskyldu samanstendur af fleiri en einum nafnlið skal fyrsti nafnliður endurspeglar notkun eða hefðir í landinu og á tungumálinu sem viðkomandi persóna eða fjölskylda tengist helst.

#### **0.4.3.8 Samræmi**

Viðaukar um notkun hástafa, skammstafana, röð atriða, greinarmerkjasetningu o.s.frv. skulu miða að því að heildarsamræmi sé á framsetningu gagna sem lýsa viðfangi eða fyrirbæri sem tengist viðfangi.

## 0.5 Uppbygging

RDA skiptist í tíu hluta: Hlutar 1-4 taka til atriða sem samsvara eiginleikum fyrirbæra sem skilgreind eru FRBR og FRAD. Hlutar 5-10 taka til atriða sem samsvara venzlunum sem skilgreind eru í FRBR, FRAD og FRSAD.<sup>20</sup>

Fyrsti kafli hvers hluta útlístar þau markmið og meginreglur sem eru til grundvallar leiðbeiningum og fyrirmælum í þeim hluta.

Næstu kaflar í hverjum hluta fjalla um eiginleika eða vensl sem styðja við eftirfarandi notendaaðgerðir:<sup>21</sup>

### Eiginleikar

**1. hluti** fjallar um þá eiginleika birtingarforma (manifestation) og eintaka sem oftast eru notaðir til að bera kennsl á viðfang (kafli **2**), til að velja viðfang sem er í samræmi við kröfur notanda hvað varðar ytri gerð, umfang og snið (kafli **3**) og til að nálgast viðfang (kafli **4**).

**2. hluti** fjallar um þá eiginleika hugverka og útfærslna (expression) sem oftast eru notaðir til að bera kennsl á (kafli **6**) og velja hugverk eða útfærslu (expression) sem svarar kröfum notandans um innihald (kafli **7**).

**3. hluti** fjallar um þá eiginleika fyrirbæra sem oftast eru notaðir til að bera kennsl á persónur (kafli **9**), fjölskyldur (kafli **10**) og skipulagsheildir (kafli **11**).

**4. hluti** fjallar um þá eiginleika fyrirbæra sem oftast eru notaðir til að bera kennsl á hugtök (concept) (kafli **13**<sup>\*21</sup>), hluti (object) (kafli **14**<sup>\*21</sup>), viðburði (event) (kafli **15**<sup>\*21</sup>) og staði (place) (kafli **16**).

### Vensl

**5. hluti** fjallar um helstu vensl á milli hugverks, útfærslu (expression), birtingarforms (manifestation) og eintaks (kafli **17**).

**6. hluti** fjallar um venslin sem notuð eru til að finna hugverk (kafli **19**), útfærslur (expression) (kafli **20**), birtingarform (manifestation) (kafli **21**) og eintök (kafli **22**) sem tengjast tiltekinni persónu, fjölskyldu eða skipulagsheild.

**7. hluti** fjallar um venslin sem notuð eru til að finna hugverk um tiltekið umfjöllunarefni (kafli **23**).

**8. hluti** fjallar um venslin sem notuð eru til að finna tengd hugverk (kafli **25**), tengdar útfærslur (expression) (kafli **26**), tengd birtingarform (manifestation) (kafli **27**) og tengd eintök (kafli **28**).

**9. hluti** fjallar um venslin sem notuð eru til að finna tengdar persónur (kafli **30**), tengdar fjölskyldur (kafli **31**) og tengdar skipulagsheildir (kafli **32**).

**10. hluti** fjallar um venslin sem notuð eru til að finna tengd hugtök (concept) (kafli **34**<sup>\*21</sup>), hluti (object) (kafli **35**<sup>\*21</sup>), viðburði (event) (kafli **36**<sup>\*21</sup>), og staði (place) (kafli **37**<sup>\*</sup>).



Leiðbeiningar og fyrirmæli til viðbótar má finna í eftirtöldum viðaukum:<sup>22</sup>

**Í viðauka A** eru leiðbeiningar um notkun hástafa í ensku og nokkrum öðrum tungumálum. Í viðaukanum eru leiðbeiningar um atriði sem krefjast umritunar og leiðbeiningar um hvaða atriði eru tekin til skráningar.

**Í viðauka B** eru leiðbeiningar um notkun skammstafana við skráningu tiltekinna atriða og notkun tákna í stað skammstafana þegar slíkt á við. Þar má finna lista yfir skammstafanir á ensku og nokkrum öðrum tungumálum.

**Í viðauka C** er listi yfir forsettan greini tungumála sem má sleppa samkvæmt afbrigði frá meginreglunni um skráningu titla, persóna, skipulagsheilda og staða.

**Í viðauka D** er gerð grein fyrir því hvernig RDA atriði í lýsingu viðfangs mappast við önnur lýsigagnaskemu (t.d. ISBD og MARC 21).

**Í viðauka E** er gerð grein fyrir því hvernig RDA leitaratriði mappast við leitaratriði og nafnmyndir í öðrum lýsigagnaskemum (t.d. AACR2 og MARC 21).

**Í viðauka F** eru fyrirmæli um val og skráningu á nöfnum persóna í nokkrum tilteknum tungumálum, til viðbótar við almennu leiðbeiningarnar og fyrirmælin í kafla 9.

**Í viðauka G** eru upplýsingar um tignarheiti o.s.frv. sem notuð eru í tilteknum ríkjum.

**Í viðauka H** eru upplýsingar um tímabil samkvæmt kristna tímatalinu.

**Í viðauka I** er listi yfir orð sem notuð eru til að sýna tengsl persónu, fjölskyldu eða skipulagsheildar við viðfang. Listanum fylgja skilgreiningar á orðunum og fyrirmæli um notkun þeirra.

**Í viðauka J** er listi yfir orð sem notuð eru til að sýna tengsl milli hugverka, útfærslna (expression), birtingarforma (manifestation) og eintaka. Listanum fylgja skilgreiningar á orðunum og fyrirmæli um notkun þeirra.

**Í viðauka K** er listi yfir orð sem notuð eru til að sýna hvernig persónur, fjölskyldur og skipulagsheildir tengjast. Listanum fylgja skilgreiningar á orðunum og fyrirmæli um notkun þeirra.

**Í viðauka L\*** er listi yfir orð sem notuð eru til að sýna hvernig hugtök, hlutir, viðburðir og staðir tengjast (concept, object, event). Listanum fylgja skilgreiningar á orðunum og fyrirmæli um notkun þeirra.

**Í viðauka M** er listi yfir orð sem notuð eru til að sýna eðli umfjöllunar um tiltekið verk. Listanum fylgja skilgreiningar á orðunum og fyrirmæli um notkun þeirra.

Dagsetning frummálsskjals á RDA Toolkit: 13. okt. 2015

Þýtt og endursagt (janúar 2016)

- 
- <sup>1</sup> Byggt á niðurstöðum rannsóknarhóps IFLA um notkunarkröfur til bókræðigagna, *Functional Requirements for Bibliographic Records: Final Report* (München: K.G. Saur, 1998), 82. Tiltækt á netinu á <http://archive.ifla.org/VII/s13/frbr/frbr.pdf>
- <sup>2</sup> Byggt á niðurstöðum vinnuhóps IFLA um notkunarkröfur og auðkenni nafnmyndagagna (FRANAR), *Functional Requirements for Bibliographic Records: A Conceptual Model*, edited by Glenn E. Patton (München: K.G. Saur, 2009).
- <sup>3</sup> Yfirlit yfir hvernig hægt er að vista RDA gögn í venslagagnagrunni (relational database) eða hlutbundnum gagnagrunni (object oriented datatbase) eða í eldri gagnagrunnum sem mörg bókasöfn nota enn, má finna í *RDA Database Implementation Scenarios*, <http://www.rda-jsc.org/docs/5editor2rev.pdf>
- <sup>4</sup> Byggt á niðurstöðum rannsóknarhóps IFLA um notkunarkröfur til bókræðigagna, *Functional Requirements for Bibliographic Records: Final Report* (München: K.G. Saur, 1998), 82. Tiltækt á netinu á <http://archive.ifla.org/VII/s13/frbr/frbr.pdf>
- <sup>5</sup> Byggt á niðurstöðum vinnuhóps IFLA um notkunarkröfur og auðkenni nafnmyndagagna (FRANAR), *Functional Requirements for Authority Data: A Conceptual Model*, edited by Glenn E. Patton (München: K.G. Saur, 2009).
- <sup>6</sup> *Functional Requirements for Subject Authority Data (FRSAD): A Conceptual Model* eftir Marcia Lei Zeng, Maja Žumer og Athena Salaba (Eds.) ( Berlin/München: De Gruyter Saur, 2011).
- <sup>7</sup> Sjá eiginleikana sem eru skilgreindir í köflum 4.2–4.5 og venslin sem eru skilgreind í köflum 5.2–5.3 í *FRBR*. Nánari upplýsingar um samsvörun á milli RDA atriða og eiginleika og vensla í *FRBR* má finna í *RDA to FRBR Mapping*, <http://www.rda-jsc.org/docs/5rda-rdafrbrmappingrev2.pdf>
- <sup>8</sup> Sjá eiginleikana sem eru skilgreindir í köflum 4.1–4.7 og venslin sem eru skilgreind í köflum 5.3–5.4 í *FRAD*. Nánari upplýsingar um samsvörun á milli RDA atriða og eiginleika og vensla í *FRAD* má finna í *RDA to FRAD Mapping*, <http://www.rda-jsc.org/docs/5rda-rdafradmappingrev.pdf>
- <sup>9</sup> Sjá skilgreininguna á venslunum í kafla 5.1 í *FRSAD*.
- <sup>10</sup> Charles A. Cutter, *Rules for a Dictionary Catalog*, 4th ed., rewritten (Washington, D.C.: Government Printing Office, 1904).
- <sup>11</sup> International Conference on Cataloguing Principles, *Report* (London: International Federation of Library Associations, 1963), 91–96.
- <sup>12</sup> Seymour Lubetzky, *Principles of Cataloging: Final Report: Phase I: Descriptive Cataloging* (Los Angeles, Calif.: University of California, Institute of Library Research, 1969).
- <sup>13</sup> Antonio Panizzi, "Rules for the Compilation of the Catalogue," in *The Catalogue of Printed Books in the British Museum*, vol. 1 (London, 1841), [v]–ix.
- <sup>14</sup> *International Standard Bibliographic Description (ISBD)*, preliminary consolidated ed. (München: K.G. Saur, 2007).
- <sup>15</sup> *MARC 21 Format for Bibliographic Data*, 1999 ed. (Washington: Library of Congress, 1999-).
- <sup>16</sup> *MARC 21 Format for Authority Data*, 1999 ed. (Washington: Library of Congress, 1999-).
- <sup>17</sup> *RDA/ONIX Framework for Resource Categorization*, version 1.0 (Released August 1, 2006), <http://www.rda-jsc.org/docs/5chair10.pdf>
- <sup>18</sup> *Dublin Core Metadata Element Set*, version 1.1 ([Dublin, Ohio]: Dublin Core Metadata Initiative, 2006), <http://dublincore.org/documents/dces/>
- <sup>19</sup> *Statement of International Cataloguing Principles* (2009), [http://www.ifla.org/files/cataloguing/icp/icp\\_2009-en.pdf](http://www.ifla.org/files/cataloguing/icp/icp_2009-en.pdf)
- <sup>20</sup> Vinnsla á ónunnum hlutum og köflum um eiginleika *hugtaka*, *hluta* og *viðburða* (concept, object, event) sem skilgreindir eru í *FRAD* veltur á vinnu við sameiningu FR-líkananna.
- <sup>21</sup> Stjórnumerkir kaflar kunna að verða þróaðir frekar í komandi útgáfum af RDA.
- <sup>22</sup> Stjórnumerkir viðaukar kunna að verða þróaðir frekar í komandi útgáfum af RDA.